

## Fundargerð 3. fundar starfshóps um menntastefnu

Fundardagur: Föstudagur 1. mars 2019.  
Fundarupphaf: Kl. 9.  
Staðsetning: Bæjarráðssalurinn.

Mætt: Kristín María Thoroddsen, Margrét Vala Marteinsdóttir og Sigrún Sverrisdóttir. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar Fanney D. Halldórsdóttir, Geir Bjarnason, Jenný D. Gunnarsdóttir og Vigfús Hallgrímsson.

Kristín stýrði fundi.  
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Mál sem rædd voru á fundinum:

### 1. mál: **Hagsmunahópar menntastefnunnar.**

Hagsmunaaðilar/-hópar sem munu koma á vinnunni næsta haust: Foreldrar, nemendur, starfsfólk, sveitarstjórnarfolk, stofnanir bæjarins, skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu og skólaþjónustan, Barnavernd Hafnarfjarðar, ríkisstofnanir sem sinna málefnum barna (BUGL, GRR o.fl.) bæjarbúar, íþróttafélög, dagforeldrar, leikskólar, grunnskólar, fagfólk skólanna sem og ófaglært, tónlistarskólar, framhaldsskólar, háskólar, fullorðinsfræðsluaðilar, ungmennahús, samtök/ráð sem vinna að velferðarmálum (t.d. SÁÁ, Samtökin 78, ráðgjafaráð fatlaðs fólks og öldungaráð), trúar- og lífsskoðunarsamtök, æskulýðs- og félagasamtök, lögreglan, fólk af erlendum uppruna og fleiri.

### 2. mál: **Heimsóknir.**

Verið að huga að heimsóknnum eða sækja fólk til okkar sem getur kynnt sína vinnu. Talað um Reykjavíkurborgar, Árborgar og Reykjanesbæjar. Rætt um að halda lengri fundur okkar þar sem allir þessir aðilar kynntu vinnu sína.

- Tími fyrir þetta verkefni mánudaginn 11. mars kl. 9-11.30 sem verður í Krosseyri.
- Fanney ræðir við viðkomandi aðila hvort þeir komist á þessum tíma.
- 30-60 mín. kynning á hvern aðila.

### 3. mál: **Vinnufundur.**

Halda lengri vinnufundur síðar í vetur til að draga saman áherslur starfshópsins. Tillaga um að fundurinn verði föstudaginn 29. mars kl. 9-12, lengdur fyrri tími. Vera í Bungalowinu (FDH).

### 4. mál: **Önnur mál.**

Umræða um hvernig hópurinn skilar af sér tillögu sinni. Þurfum meiri umræðu enn sem komið er, t.d. tímalínu fyrir verkefnið á næsta skólaárið.

Fleiri mál ekki rædd. Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 11. mars 2019.  
Fundarslit kl. 9.50. Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson